

Fundur í trúnaðarráði 12. febrúar 2024, kl. 20:00.

Mættir: Stjórn Leiðsagnar: Snorri Steinn Sigurðsson (SSS) formaður, Halldór Kolbeins (HK) varaformaður, Guðný Margrét Emilsdóttir (GME) gjaldkeri, Hallfríður Þórarinsdóttir (HP) ritari, Sigurður Albert Ármannsson (SAÁ) meðstjórnandi. HP og SAÁ á fjarfundi auk þess sem HK var örstutt með á fjarfundi.

Aðrir í trúnaðarráði: Kári Jónasson (KJ), Sigrún Pálsdóttir (SP), Jens Ruminy (JR), Hildur Bjarnadóttir (HB), Áslaug Marinósdóttir (ÁM). KJ, SP og ÁM á fjarfundi.

Formaður setur fund kl. 20:00.

Dagskrá:

1. Félagsfundur
2. Uppstillinganefnd
3. Staða viðræðunefndar
4. Önnur mál

1. Félagsfundur

Umræða um menntunarmál leiðsögumanna. SSS segir að hugmyndin hafi verið sú að þeir trúnaðarráðsfulltrúar, sem óskuðu eftir slíkum fundi – hugmynd sem kom upp á fundir trúnaðarráðs 31/01 s.l. - kæmu með dagskrá og dagsetningu. Formanni hafði borist tillaga frá fagráði – Hörpu Björnsdóttur – um að halda samskonar fund 17/02/24.

Önnur tillaga um félagsfund barst frá (hverjum?? GME??) um fund þann 29/02/24.

SAÁ segir að það sé skrítið að stéttarfélag sé að hlutast til um menntun félagsmanna. Slíkt eigi að vera á könnu menntayfirvalda, sem hafa ein vald til þess. Leiðsögumenn geti vissulega haft á þessu skoðanir en hafi ekki boðvald til að taka neinar ákvarðanir. JR er ekki sammála SAÁ og bendir á að enginn hafi haft frumkvæði að því að taka málið upp. Ekkert sem kemur í veg fyrir að leiðsögumenn, eigi frumkvæði og geti e.t.v. þrýst á þar til gerð yfirvöld. ÁM vill eindregið að sú umræða sem fer fram á yfirstandandi fundi fari fram á fyrirhuguðum félagsfundi. SSS segir mikilvægt að koma til móts við vilja félagsmanna og þess vegna eigi þeir að ræða þetta. GME tekur undir m. ÁM og SSS um mikilvægi þess að eiga þessa umræðu með menntastofnunum sem bjóða upp á leiðsögumannanám.

HK, skaust inn hér allra snöggvast inn á fundinn og spurði hvort hægt væri að ræða lið 3 á því augnabliki sem ekki var hægt fyrir en síðar. HK, vék jafnharðan af fundi.

SP. Nefnir að áður fyrir hafi Menntamálaráðuneytið (MMR) samið námskrá fyrir þá skóla sem kenndu leiðsögn og Leiðsögn hafi tekið þátt í þeirri vinnu 2004. Síðan sagði MMR sig frá þessari vinnu og fól einstökum skólum verkið og vísaði þar með samningu námskrár frá sér. SP segir að leiðsögumenn eigi að láta sig málið varða. SAÁ segir að menn verði að kynna sér málin og vera á réttum stað í umræðunni.

SSS leggur til að félagsfundur verði haldinn og að GME sendi inn tillögu að dagskrá þess fundar.

2. Uppstillingarnefnd

Hana þarf að skipa núna svo hún geti skilað af sér í tíma fyrir aðalafund. Það er hlutverk Trúnaðarráðs að finna fulltrúa í uppstillingarnefnd. Þeir félagar sem í nefndina veljast mega ekki gegna neinum trúnaðarstörfum fyrir Leiðsögn þegar þeir veljast til starfans. Rætt var um a.m.k. tíu einstaklinga, sem til greina gætu komið. Félagar í Trúnaðarráði taka að sér að hafa samband við þessa einstaklinga. Einungis er þörf á þremur í sjálf uppstillingarnefnd.

3. Staða viðræðunefndar

SSS minnir á að Breiðfylking stærstu ASÍ félaganna, sé ekki lengur í sambandi við SA. Þ.e., það slitnaði upp úr viðræðum. Viðræðunefnd er að leggja lokahönd á kröfugerðina f. SAF og SA. KJ segir mikilvægt að ljúka kröfugerðinni og kynna hana f. viðsemjendum. SSS er búinn að senda póst á SAF og biðja um fund með þeim. Viðræðunefnd ætti að ljúka sinni vinnu á næstu dögum.

4. Önnur mál

GME, segir að sín önnur mál snúi að áhyggjum sínum af Leiðsögn. Hún vill halda félagsfund 7. mars þar sem rætt yrði – opin umræða – um sameiningu við annað stéttarfélag. Það þyrfti þá að taka fagfélagið út úr en endilega að halda félagsfund um þetta 7. mars. Formaður spyr hvers vegna GME hafi ekki tekið þetta mál upp undir fyrsta lið um félagsfund. SP segir skynsamlegt að byrja þetta ferli um sameiningu. KJ: er ekkert á mótum umræðu um sameiningu en mikilvægt að einbeita sér að kjaramálum og aðalfundi.

Formaður leggur til að næsti trúnaðarráðsfundur verði haldinn á næstu tveimur vikum. Dagsetning send út síðar.

Fundi slitið kl. 20:50.